



impra nýsköpunarmiðstöð
Iðntæknistofnun

Borgum við Norðurlóð
600 Akureyri
Sími: 460-7970
Fax: 460 7971
www.impra.is



Bjarnarbraut 8
310 Borgarnesi
Sími: 437 1318
Fax: 437 1494
www.ssv.is



Sú færni og reynsla sem þú öðlast á námskeiðinu á eftir að fylgja þér gegnum lífið og koma sér vel síðar meir þegar kemur að því að velja starfs- og námsvettvang.

3 daga
námskeið



ungir
frumkvöðlar

Young Entrepreneur Factory
28.-30. janúar, Laugargerði, Snæfellsnesi



Námskeiðið

28.-30. janúar nk. verður námskeiðið Ungir frumkvöðlar haldið í Laugargerði, Snæfellsnesi. Námskeiðið verður það fyrsta af sjö sem verða haldin víðs vegar um landið. Þátttakendur dvelja í Laugargerðisskóla og er gisting og fæði þeim að kostnaðarlausu. Leiðbeinandi á námskeiðinu er G. Ágúst Pétursson, stjórnarformaður Frumkvöðlafræðslunnar ses. og verkefnisstjóri í Nýsköpun 2005, samkeppni um viðskiptaáætlanir.



Skemmtimenntun!

Þessi þriggja daga frumkvöðlasmiðja er fyrir jákvæða og áhugasama einstaklinga á aldrinum 15-20 ára. Þú lærir ýmislegt um samninga- og sölutækni, þjónustu, aðferðir við að leysa vandamál, tímastjórnun, grunnatriði bókhalds og þið fáiið þjálfun við að tjá ykkur fyrir framan hópinn.

Þú færð góða innsýn í stofnun og rekstur eigin fyrirtækis.

Þú ferð heim með viðskiptaáætlun sem þú vinnur með fleirum í litlum hópi fyrir raunhæft lítið fyrirtæki.

Þú lærir að búa til kynningarefni og skrifa einfalda markaðsáætlun.

Þið takið þátt í marghátuðu hópstarfi sem bæði felst í verkefnavinnu, viðskiptaleikjum og útivist. Einnig kemur gestafyrirlesari á staðinn.

Í lok námskeiðs kynna hóparnir verkefni sín fyrir dómnefnd og velur hún bestu viðskiptaáætlunina. Sú áætlun keppir síðan á landsvísu þar sem sigurliðið fær ferð til útlanda til að hitta aðra unga frumkvöðla.

Þú öðlast færni til að takast á við raunveruleika viðskiptalífsins með jákvæðum og marksæknum hætti.

Þú lærir að koma auga á tækifærin í umhverfinu og skilja mikilvægi þess að horfa á samspil á milli kostnaðar og tekna.

Þú færð þjálfun í að tjá þig frammi fyrir hópi fólks.



Verkefnið

Evrópuverkefnið Ungir frumkvöðlar, eða Young Entrepreneur Factory, hefur það að markmiði að þroska og efla frumkvöðlakraft ungs fólks í dreifðari byggðum.

Auk Íslands taka þátt í verkefninu Skotland, Noregur, Svíþjóð, Grænland og Rússland. Þátttakendur í verkefninu á Íslandi eru Impru nýsköpunarmiðstöð og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi - þróun og ráðgjöf. Verkefnið er unnið með stuðningi frá Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins og Byggðastofnun.

Fyrir hvern

Þetta skemmtilega og gagnlega námskeið er ætlað ungu fólki á aldrinum 15-20 ára á Vesturlandi og er þátttaka endurgjaldslaus. Allt sem þarf er jákvætt hugarfar, brennandi áhugi og vilji til að vinna að því að leita tækifæra sem leynast á hverju strái! Athugið að aðeins er hægt að taka á móti takmörkuðum fjölda á námskeiðið.

Hvernig sækir ég um?

Þú getur nálgast umsóknareyðublað á vef Impru, www.impra.is og á vef SSV, www.ssv.is. Þú getur sömuleiðis fengið frekari upplýsingar á vef Impru og SSV eða haft samband við Elvar Knút Valsson, Impru, í síma 460 7973 eða skrifstofu SSV í síma 433-2310. Síðasti dagur til að skila inn umsókn er mánudagurinn 24. janúar.